

Gjaldskrá

144
31. des.

um vatnsskatt í Hafnarfjarðarkaupstað.

1. gr.

Af öllum íveruhúsum, samkomuhúsum og sölubúðum á vatnsveitusvæðinu, sem virt eru til húsaskatts, skal greiða í vatnsskatt árlega 2‰ af virðingarverði þeirra, en af húsaskattsvirðingarverði annara húsa 1‰.

Auk þess greiði húseigandi hver 75 aura árlega fyrir hvern mann, er í húsi hans býr, og miðast gjald þetta við manntal, er fram fer árlega um áramót.

2. gr.

Af húsum þeim, er vatn nota til annars en venjulegra þarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, greiðist aukagjald 1‰ af virðingarverðinu; auk gjalds þessa greiði húseigandi 6 kr. árlega fyrir hvert vatnssalerni, sem í húsinu er, og 4 kr. fyrir hvern hana utan húss. Fyrir hvern stórgrip greiðist 1 kr., þó skulu undanþegin gjaldi þessu stóðhross ótamin, sem ekki eru höfð í bænum að vetrinum.

3. gr.

Fyrir seglskip, er heima eiga í kaupstaðnum, og ganga þaðan til fiskiveiða, skal greiða vatnsskatt, kr. 2.25 fyrir mánuð hvern eða brot úr mánuði, sem þeim er haldið úti. Af öðrum seglskipum, er heima eiga í kaupstaðnum og þaðan ganga til flutninga, greiðist 2 kr. í vatnsskatt fyrir mánuð hvern eða brot úr mánuði. Fyrir gufuskip, er hér eiga heima og ganga héðan til fiskiveiða eða flutninga, ber að greiða 8 kr. fyrir hvern mánuð, sem þeim er haldið úti héðan, eða brot úr mánuði. Af öllum öðrum skipum en þeim, sem fyr eru nefnd, greiðist 60 aurar fyrir hverja smálest vatns. Lágmark vatnsgjalds af skipum þessum sé þó eigi lægra en 2 kr. í hvert skifti sem vatn er tekið. Vatnsnefnd getur gert sérstakan samning um vatnsgjald af skipum, sem ekkí eiga hér heima, en ganga héðan til fiskiveiða, minst 6 vikna tíma á árinu.

4. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti er 1. apríl og 1. október. Af aðkomuskipum ber þó að greiða vatnsskattinn í hvert skifti og vatn er tekið.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefir samið, staðfestist hérmeð, samkvæmt lögum nr. 26, 9. júlí 1909, til þess að öðlast gildi 1. janúar

144 1911, og fellur þá jafnframt úr gildi gjaldskrá um vatnsskatt í Hafnarfjarðar-
31. des. kaupstað 31. marz 1910.

Þetta birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 31. desember 1910.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

145

Efnahagsreikningur

Landsbankans 30. september 1910.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:			
a. Fasteignaveðslán	kr.	174850	56
b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	—	1518637	88
c. Handveðslán	—	100392	75
d. Lán gegn ábyrgð sveita- og bæjarfél.	—	75877	88
e. Reikningslán	—	505799	70
f. Akkreditívlán	—	71000	00
		<hr/>	
			kr. 2446558 77
2. Vixlar og ávísanir innlendar	—	733380	62
3. Vixlar og ávísanir útlönd	—	296594	53
4. Kgl. rikisskuldabréf kr. 531600,00 eftir gangverði 31. des. 1909	—	497362	50
5. Önnur erlend verðbréf kr. 229000,00 eftir gangverði 31. desbr. 1909	—	202617	50
6. Bankavaxtabréf:			
a. 1. flokks	kr.	307300	00
b. 2. flokks kr. 838.100 eftir kaupverði bankans á 98 %	—	821338	00
c. 3. flokks kr. 125.400 eftir kaupverði bankans á 98 %	—	122892	00
		<hr/>	
			kr. 1251530 00
			<hr/>
			Flyt kr. 5428043 92